

Brjef landshöfðingja til allra prófasta um manntal á Íslandi 1. nóv. 1890. — Samkvæmt brjefi ráðgjafans fyrir Island, dagsettu 2. p. m., á að fara fram manntal um allt Ísland hinn 1. d. nóvembermánaðar næstkomandi; verður manntalið tekið eptir sóknum og ber hverjum presti að gangast fyrir því í sinni sókn eða sóknum, að manntalið sje tekið og nákvæmar skýrslur samdar eptir tilteknum fyrirmyndum um alla þá, sem eru nefndan dag eða aðfaranótt hans á sjerhverju heimili í hverri sókn. Hreppstjórar og hreppsnefndarmenn og aðrir sóknarbændur, er presturinn kveður til þess, eru skyldir til að taka manntalið og semja skýrslur þessar svo nákvæmlega, sem frekast er audið, fyrir hverja kirkjusókn, eptir nánari leiðbeining prestsins. Síðan ber prestinum að semja skrár, samandregnar eptir manntalsskýrslunum eptir þeim reglum, sem prentaðar eru aptan á eyðublöðum þeim, sem ætluð eru undir sóknarskrár þessar, og að því búnu senda prófasti bæði skrárnar og manntalsskýrslurnar, en próföstum ber síðan að senda allar skrárnar og skýrslurnar til mín, ásamt þeim skráum og skýrslum, sem gjörðar verða fyrir þeirra eigin sóknir.

Skyldi svo takast til einhversstaðar, að ómögulegt reyndist að telja fólkið á einhverjum heimilum hinn 1. d. nóvembermán., þá ber að sjálfsgöðu að taka manntalið þar eins fljótt og audið er þar á eptir, en miða skýrslurnar við það, er var 1. nóvember eða aðfaranótt þessa dags, til þess að skýrslurnar í heild sinni sýni hve margir menn í raun og veru hafi verið á Íslandi 1. nóvember 1890. —

Fyrir því sendi jeg yður hjer með, herra prófastur:

- a. « expl. af reglum fyrir því, hvernig semja skuli skýrslurnar um fólksfjölda á Íslandi 1. nóv. 1890, og eru þær til leiðbeiningar fyrir hreppstjóra og aðra, sem taka manntalið á hinum einstöku heimilum.
- b. « expl. af skýrsluformi til nákvæmari leiðbeiningar og betra skilnings á þessum reglum.
- c. « expl. af eyðublöðum til afnota fyrir hreppstjóra og aðra, sem eiga að semja hinar ítarlegu skýrslur um manntalið á hinum einstöku heimilum.
- d. « expl. af eyðubl. undir manntalsskrár þær, er prestar eiga að semja, og eruð þjer þjónustusamlega beðinn að útbýta *sem fyrst* til allra presta í prófastsdæmi yðar því sem með þarf í hverja sókn af ofannefndum eyðublöðum og reglum, og að leggja fyrir þá, að þeir útvegi sjer sem fyrst aðstodarmenn þá, er þeir þurfa með við manntalið, leiðbeini þeim svo ítarlega sem kostur er á með tilliti til framkvæmda á manntalinu og samningu skýrslanna, og sjái síðan um, að allt fari fram reglulega og í tæka tíð samkvæmt hinum gjörðu fyrirskipunum. Fyrir 15. nóvember eiga prestar að hafa sent yður skrár sínar ásamt hinum ítarlegri skýrslum, er þeir hafa fengið frá aðstodarmönnum sínum, og þar eptir ber yður að senda öll skjölin hingað með þeim athugasemdum, er þjer kynnuð að finna tilefni til, svo fljótt, sem mögulegt er.

R e g l u r

fyrir því, hvernig semja skuli skýrslurnar um fólksfjölda á Íslandi 1. nóvember 1890.

Með því að manntal er í ýmsu tilliti mjög áriðandi, til þess að komast að rjettri niðurstöðu um lands- og sveitahagi, væntir stjórnin þess, að allir, sem hlut eiga að máli,

67 gjöri sjer far um, að láta í tje þær skýrslur, sem með þarf, sem nákvæmlegast og eptir beztu vitund, og styðji að því eptir megni, að manntalið fari sem bezt fram.

1. Manntalið skal byrja 1. nóvember 1890, og skal því lokið sama dag, þar sem því verður við komið, en þegar því verður eigi lokið samdægurs, skal halda því áfram hvern virkan dag, þangað til því er lokið svo fljótt sem verður.
2. Prestur skal láta hreppstjóra semja manntalsskrá í sókn hverri. Sje hreppstjóri veikur, eða með öðru móti tálmaður, skal prestur fela það á hendur áreiðanlegum bónda í sókninni. Í Reykjavík skulu lögregluþjónarnir semja manntalsskrána, og segir bæjarstjórnin fyrir um það, sem þar að lýtur.
3. Til þess að manntalið verði framkvæmt svo fljótt og nákvæmt sem unnt er, skal sóknarpresturinn, nokkrum dögum áður en telja skal, fá hverjum hreppstjóra í sókninni 1 exemplar af þessum reglum og hinu prentaða skýrsluformi með þeim og svo margar arkir af skránum, er þurfa þykir. Presti ber einnig að leiðbeina hreppstjóra í öllu því, sem nauðsyn kynni til að bera, og einkum að brýna það fyrir honum, að við hafa mestu nákvæmni sem auðið er, og að leiða hlutaðeigendum fyrir sjónir, að eigi sje tilefni til að draga dulur á neitt það, sem getið skal um í skránum, þar eð tilgangurinn sje enginn annar en sá, að fá nákvæma skýrslu um fólksfjöldann í landinu.
4. Manntali skal haga eptir því, sem bæir liggja beinast og gegnzt við, og ber þess einungis að gæta, að eigi sje sleppt neinum bæ eða húsi og hvergi sje tvisvar talið.
5. Þegar talið er, skal færa til á manntalsskrána öll þau heimili, og alla þá menn, sem eru á hverjum bæ eða í hverju húsi. Til eins heimilis heyra að eins þeir, sem hafa sameiginlega eldstó. Prófentumenn, lausamenn, húsmenn eða aðrir, er í húsinu búa, verða því ekki taldir sem sjerstök heimili, þegar þeir eigi hafa eldstó sjer, er borða hjá öðrum, og skal við nöfn þessara manna setja + í heimiladálkinn, til þess það sjáist, að þeir heyri ekki undir neitt heimili. Sje fleiri en eitt heimili á sama bæ eða í sama húsi, skal greina þau hvert frá öðru með striki og rita áframhaldandi tölur við þau 1, 2 . . . , þannig að hin síðasta tala sömuleiðis sýni heimilafjölda þann, er á hverri skrá stendur.
6. Sjerhver skal talinn í því húsi eða á þeim bæ eða skipi, þar sem hann hefur verið um nóttina milli hins 31. oktbr. og 1. nóvbr. 1890, hvort sem hann á þar heima eða ekki, en á aðalskýrsluna tilfærast að eins þeir, sem eiga heima þar sem þeir eru taldir, eða í einhverju húsi eða á einhverjum bæ í þeirri sókn. Hafi einhver tjeða nótt eigi verið í manna húsum, á ferð eða því um líkt, skal hann talinn þar sem hann fyrst kemur á bæ 1. nóbr. Eigi má telja með börn, er fæðast eptir 1. nóvbr. 1890 kl. 12 á hádegi, heldur skal álíta þau sem ófædd, en þá sem kunna að deyja eptir 1. nóvember kl. 12 á hádegi, en áður en talið er, skal telja með, eins or þeir væru lifandi.
7. Hið fulla nafn hvers skal tilfært, kyn og aldur: aldur manna skal telja eptir því ári, sem þeir hafa fyllt, og er því t. a. m. sá, sem er á 26. ári, talinn 25 ára, en ekki 26; ef óskírð börn eru á heimilinu skal sagt til kyns þeirra (»óskírður drengur« eða »óskírð stúlka«); börn, sem eru á 1. árinu, teljast sem »eigi árs-gömuk«, og skal tilgreina fæðingardag þeirra. Svo skal og til greina, hvort menn eru giptir eða ógiptir, ekklar eða ekkjur, eða skilin fullum hjónaskilnaði eða að

borði og sæng; fæðingarstað manna og hvernar trúar þeir eru, hvað þeir eru á heimilinu, nafnbót og embætti, atvinnuveg eður hvað annað þeir hafi til uppeldis sjer, eða hvort þeir eru á sveit. Hafi nokkur fleiri atvinnuvegi en einn, skal telja, að hann lifi á þeim atvinnuveginum, er hann segist hafa mest viðurværi af. Um lausamenn skal þess og einnig getið, á hverju þeir lifi einkum. 67 14. júní

8. Sje nokkur mál- og heyrnarlaus, heyrnarlaus eða blindur (þar með taldir þeir, sem eru svo mjög sviptir heyrn sinni eða sjón, að þeir hafa í raun og veru engin not af skilningarvitum þessum), fábjáni eða geðveikur, skal setja stryk undir nöfn þeirra, svo að tala þeirra sjáist ljósara, og skal svo setja þá í dálka þá, sem til þess eru ætlaðir.
9. Þá, sem eiga ekki heima í þeirri sókn, þar sem þeir skulu taldir samkvæmt reglunni í 6. tölulið, skal tilfæra sjer á aukaskýrsluna A aptan við aðalskýrsluna, og skal tilgreint hvar þeir eigi heima. Sje heimili þeirra á Íslandi, skal sú sókn (í því og því amti), þar sem þeir eiga heima, tilgreind, en ef þeir eiga heima erlendis, er nóg að tilfæra það land, sem þeir eru frá.
10. Þá menn, sem heyra til heimilis eða eiga heima í húsi því eða bæ, þar sem talið er, en hafa verið utan sóknar nóttina milli þess 31. oktbr. og 1. nóvbr., skal tilfæra sjer á viðaukaskýrsluna B. aptan við aðalskýrsluna, og skal þar tilgreindur sá staður, þar sem þeir eru um stundarsakir, á sama hátt og áður var sagt (sókn, ef þeir eru innanlands, en ella það land, þar sem þeir dvelja).
11. Þegar hreppstjórinn hefir skrifað upp alla menn í sókninni, skal hann tafarlaust afhenda sóknarprestinum skrána eða skrárnar og skal prestur síðan semja manntalsskrá yfir allt brauðið*.
12. Hið sama, sem eptir ofangreindum reglum gildir um hús og bæi, gildir einnig um þau hús, sem ætluð eru til opinberra þarfa, svo sem sjúkrahús, og hið sama gildir einnig um hýsinga- og veitingahús; þannig ber á sjúkrahúsi að tilgreina alla þá sjúklinga, sem nóttina milli hins 31. oktbr. og 1. nóvbr. 1890 liggja á spítala, með fullu nafni, aldri, stöðu, atvinnuveg o. s. frv., alveg á sama hátt og þeir, sem eiga heima á spítala, eru til greindir. Ferðamenn, sem eru á hýsingarstað aðfaranóttina hins 1. nóvbr. ber að til greina á sama hátt og þá, sem þar eiga heimili, sjá 6.

Reglur

fyrir því, hvernig semja skuli sóknarskrárnar yfir fólksfjöldann.

1. Undireins og sóknarpresturinn hefur tekið við manntalsskýrslunum frá hreppstjórunum, skal hann gagnskoða þær, sem bezt hann getur, til að ganga úr skugga um, að ekki sje hlaupið yfir neinn bæ eða hús, og allir sjeu meðtaldir, og að nákvæmlega sje skýrt frá öllu því, sem geta skal í skýrslunum, að svo miklu leyti hann getur sjeð. Verði hann einhverra galla var á skýrslunum, skal hann þegar láta leiðrjetta þá. (Framh.)

*) Sjeu fleiri sóknir í einu prestakalli, skal semja skrá fyrir hverja sókn.

2. Því næst skal presturinn eptir skýrslum hreppstjóranna semja sóknarskrár þær, sem hjer standa fyrir framan. Þetta verður hægast með því móti, að jafnframt og presturinn les hreppstjóraskýrsluna, setur hann stryk fyrir hvern mann eða annað merki í dálki þeim, þar sem telja skal manninn; þegar þá að síðustu eru talin saman þessi merki, kemur fram tala sú, sem standa á í hverjum dálki. Í því skyni eru ætluð hverri sókn þrenn töflubrjef; skal í eitt þeirra rita merkin, en í hin tvenn skal rita tölurnar, og skal annað þeirra geyma í embættis skjalasafni prestsins, en hitt skal senda prófasti. Að ekki sje hlaupið yfir neinn mann í 1., 2. og 3. töflu, má sjá á því, að tölunni í hverri af þessum töflum beri saman við fólksfjöldann eptir hreppstjóraskýrlunum.
3. Í töflunni Nr. 3 skal engan tilgreina nema á einum stað, en telja skal hvern einn í þeim flokki, sem helzti atvinnuvegur hans heyrir undir; þó bóndi t. a. m. sje smiður, eða rói til fiskjar á vertíðum, skal samt telja hann í 4. grein, ef kvikfjár-rækt er helzti atvinnuvegur hans. Í dálkinum A. skal telja hvern þann, sem stendur fyrir atvinnuvegi, hvort sem það er karl eða kona, en í dálkinum B. alla aðra, sem hafa framfærslu af atvinnuvegum, þó svo, að í seinni dálkunum, þar sem «Hjú» er ritað yfir, skal einungis telja vinnuhjú.
4. Ekkjur eða stúlkur, sem halda áfram atvinnuvegi manna sinna eða fedra eða hafa annan atvinnuveg sjer, skal telja í dálkinum A. í 3. töflu.
5. Hafi kona manns sjerstakan atvinnuveg, annan en maðurinn, (t. a. m. yfirsetukonur) skal hún talin í dálkinum A. í þeim flokki, sem atvinnuvegur hennar heyrir undir, og skal henni þá sleppa í dálkinum B.
- Þótt eigi sje þess getið í hreppstjóraskýrslunum, á hverju einhver lifi, skal þó eigi þegar telja hann í 10. flokki með þeim, sem ekki hafa ákveðinn atvinnuveg, heldur skal þess nákvæmlega gætt, hvort eigi megi telja hann í einhverjum af hinum flokkunum; svo er t. a. m. um konu, sem skilin er við mann sinn, en lifir þó einkum af styrk þeim, sem maðurinn veitir henni, að hana skal telja í dálkinum B. í þeim flokki, þar sem maður hennar er.
- Þegar prestur er búinn að semja sóknarskrárnar, skal hann senda þær prófastinum í prófastsdæminu ásamt hreppstjóraskýrslunum, sem hann hefir haft fyrir sjer. Ber prófastinum að gæta að, hvort gallar sjeu á skránum, og ef svo er, skal hann senda þær aptur presinum til leiðrjettingar; einkum skal prófastur sjá um, að tölunum í sóknarskránum Nr. 1 og 3 beri saman sín á milli og við fólktöluna eptir hreppstjóraskýrslunum. Því næst skal hann senda sóknarskrárnar og hreppstjóraskýrslurnar úr öllu prófastsdæmi sínu ásamt skránum yfir sínar eigin sóknir og uppskrift á sóknunum í prófastdæminu hið bráðasta til landshöfðingja, en eigi þarf hann að búa til skrár yfir allt prófastsdæmið eptir sóknarskránum.

Staðfesting konungs að mandatum á skipulagskrá fyrir styrktarsjóð handa ekkjum og börnum Ísfirðinga, þeirra er í sjó drukkna.

68

31. maí

Vjer, Christjan hinn níundi, af guðs náð konungur Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg

gjörum kannugt: að með því að allra þegnsamlegast hefur verið sótt og beðið um

1. dag júlí-mán. 1890.